
Frekari útvíkkun á flæðigryfjum Grundartanga Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 23. maí 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Elkem og Norðuráli um fyrirhugaða útvíkkun á flæðigryfjum á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 og 11.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Útvíkkun á flæðigryfjum á hafnarsvæði við Grundartanga. 18. maí 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með tölvupósti dags. 29. júní 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 9. júní 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. júní 2017.

Fyrirhuguð framkvæmd

Þann 9. desember 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Elkem Ísland og Norðuráli um fyrirhugaða stækkun flæðigryfja á hafnarsvæði Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 23. mars 2017 um að framkvæmdirnar skyldu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Í greinargerð sem framkvæmdaraðili lagði fram við þá málsmeðferð kom fram að það svæði sem fyrirhugað væri að nýta til urðunar sé landmegin við núverandi urðunarsvæði. Framkvæmdirnar hafi ekki í för með sér landvinninga til sjávar. Svæðið sé 9.220 m² og rúmi um 50.000 m³ af fyllingarefni. Gert sé ráð fyrir að fyrirhuguð stækkun muni duga fyrirtækjunum u.þ.b. út árið 2021.

Í greinargerð Elkem og Norðuráls sem lögð hefur verið fram nú kemur fram að gert hafi verið ráð fyrir að GMR Endurvinnslan gæti nýtt svæði austan við flæðigryfjurnar til að urða úrgang frá sinni starfsemi. Svæðið sem GMR hafi verið ætlað sé um 1.130 m² og rúmi um 5.700 m³. Þar sem GMR hefur hætt starfsemi hafi Elkem og Norðurál óskað eftir því við Faxaflóahafnir að fá að nýta svæðið sem flæðigryfju.

Sú stækkun á umfangi flæðigryfjanna sem hér er til skoðunar hefur í för með sér u.þ.b. 11% aukningu á rúmmáli frá því sem Skipulagsstofnun fjallaði um í fyrri ákvörðun um matsskyldu í mars sl.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í ljósi þess að um tiltölulega lítið svæði er að ræða til viðbótar við núverandi flæðigryfjur telji Elkem og Norðurál að nýting viðbótarsvæðisins sé ekki líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif. Sömu meginrök eigi við um losun í svæðið og komu fram í ákvörðun Skipulagsstofnunar 23. mars sl.



Umhverfisáhrif

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu flæðigryfja frá 23. mars 2017 kom fram að ekki sé verið að ráðast í neina breytingu á fyrirkomulagi losunar í flæðigryfju og þeirri starfsemi sem felist í rekstri gryfjanna. Svipað magn frá rekstri iðjuveranna verði losað í gryfjurnar árlega og gert hafi verið undanfarin ár. Einungis sé um að ræða stærra svæði undir flæðigryfjur. Núverandi vöktun hafi ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á grunnsævi eða dýralíf af völdum losunar í flæðigryfjur og sé ekki ástæða að ætla að það breytist við útvíkkun núverandi flæðigryfja. Ekki sé þörf á að breyta þeirri vöktunaráætlun sem nú sé unnið eftir þar sem fyrirhuguð útvíkkun er innan við núverandi flæðigryfjur. Fram kemur að landfyllingin muni ekki rísa hátt þegar gryfjurnar séu orðnar fullar og verði ekki áberandi.

Skipulag og leyfisveitingar

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Á svæðinu er í gildi deiliskipulag athafnasvæðis, athafna- og hafnarsvæðis og iðnaðarsvæðis á Grundartanga, vestursvæði. Í deiliskipulaginu eru ákvæði um hlutverk flæðigryfjanna, fyrirkomulag losunar með vísun í starfsleyfi Elkem og Norðuráls um hvaða efni sé heimilt að urða á svæðinu. Auk þess er þar fjallað um vöktun umhverfisáhrifa sem byggja á áætlun Umhverfisstofnunar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir minna svæði undir flæðigryfjur. Ganga þarf frá breytingu á deiliskipulagi áður en leyfi eru veitt til framkvæmdarinnar. Við breytingu á deiliskipulagi telur Skipulagsstofnun brýnt að áfram verði ákvæði um hlutverk gryfjanna, fyrirkomulag losunar og takmarkanir á þeim eignum sem heimilt er að urða.

Niðurstaða

Um er að ræða stækkun flæðigryfja til urðunar úrgangs frá Elkem og Norðuráli í rúmlega 10.000 m² svæði við Grundartangahöfn í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 og 11.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna losunar þungmálma til sjávar sem skolest úr þeim framleiðsluúrgangi sem fyrirhugað er að urða í flæðigryfjum. Stofnunin telur að áhrif frekari útvíkkunar flæðigryfjanna verði óveruleg umfram það sem fjallað var um og tekin afstaða til í ákvörðun Skipulagsstofnunar 23. mars 2017 þar sem ekki er verið að auka það úrgangsmagn sem á að urða í flæðigryfjunum og um er að ræða umfangslitla stækkun svæðisins sem lengir lítillega þann tíma sem fyrirtækin geta notað til urðunar í flæðigryfjur á svæðinu. Svæðið var áður ætlað til urðunar á úrgangi frá GMR sem hefur hætt starfsemi.

Skipulagsstofnun áréttar það sem segir í niðurstöðu ákvörðunar stofnunarinnar 23. mars sl. um að ekki skuli urða efni í flæðigryfjum sem hægt væri að nota í landfyllingar eða koma fyrir á hefðbundnum urðunarstað og hins vegar að urðun í flæðigryfjur geti vart talist framtíðarlausn. Á þetta er bent í ljósi þess að framhald þeirrar urðunar sem Elkem og Norðurál boða dugir í skamman tíma eða út árið 2021. Það er því tímabært að fyrirtækin hugi að framtíðarlausnum sem unnt er að grípa til þegar flæðigryfjurnar eru fullnýttar. Til að tryggja að vel sé farið með það rými sem ætlað er til urðunar er brýnt að þar sé ekki fyllt með t.d. jarðefnum svo endingartími flæðigryfjanna takmarkist ekki enn frekar.



Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Elkem og Norðuráls við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að frekari útvíkkun á flæðigryfjum við Grundartangahöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Elkem og Norðurál og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. ágúst 2017.

Reykjavík, 4. júlí 2017

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson